

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 1012/2010 um gildistöku reglugerðar
framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 um aðferðir við
sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. kafla I. viðauka skulu
öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum
ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 254/2024 frá 6.
desember 2024, öðlast eftirtalin ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/771 frá 29. febrúar 2024 um
breytingu á reglugerð (EB) nr. 152/2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers
eftirlits með fóðri. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr.
17 frá 20. mars 2025, bls. 23.

2. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi
við lög um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994.

3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga um eftirlit með
fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994.
Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 4. apríl 2025.

Hanna Katrín Friðriksson.

Svava Pétursdóttir.